


Læknakandídatar í móttöku

Védís
Skarphéðinsdóttir



Dúxinn í hópnum, Bergþór Björnsson, undirritar heitorð lækna.



Óskar Einarsson formaður Læknafélags Reykjavíkur ávarpar nýju lækna.



Nýbakaðir kandídatar meðtaka boðskapinn.

ÁRVISS MÓTTAKA fyrir læknakandíata var haldin í húsakynnum læknafélaganna 21. júní síðastliðinn, deginum áður en hópurinn útskrifaðist formlega frá Háskóla Íslands. Alls voru brautskráðir 38 læknakandídatar frá Læknadeild háskólans og voru flestir þeirra mættir í boðið í Hlíðasmára í Kópavogi ásamt mökum sínum og öðrum gestum. Einsog hefðin býður undirrituðu þau þar heitorð lækna í votta viðurvist. Hæstu einkunn á kandídatprófi hlaut Bergþór Björnsson, 8,85.

Veitingar voru glæstar, bæði fastar og fljótandi, og fjöldamargir ávörpuðu kandídata af þessu tilfni: Sigurbjörn Sveinsson formaður Læknafélags Íslands, Reynir Tómas Geirsson forseti Læknadeildar Háskóla Íslands, Sigurður Guðmundsson

Útskrifaðir lækna 2002

Aðalbjörg Björgvinsdóttir
Anton Örn Bjarnason
Árni Stefán Leifsson
Ásgeir Guðnason
Bergur Stefánsson
Bergþór Björnsson
Birgir Andri Briem
Einar Freyr Sverrisson
Fjalar Elvarsson
Fjölur Elvarsson
Geir Þórarinn Gunnarsson
Geir Tryggvason
Guðmundur Haukur Jörgensen

Gylfi Örn Þormar
Hafsteinn Freyr Hafsteinsson
Hildur Björg Helgadóttir
Hjörtur Friðrik Hjartarson
Illugi Fannadal Birkisson
Jóhanna María Sigurðardóttir
Jórunn Atladóttir
Kristbjörg Sigurðardóttir
Kristján Guðmundsson
Lena Rós Ásmundsdóttir
Linda Kristjánsdóttir
Lovísa Leifsdóttir
Magnús Konráðsson

Margrét Jensdóttir
Ólafur Árni Sveinsson
Ólafur Heiðar Þorvaldsson
Ómar Þorsteinn Árnason
Óskar Örn Óskarsson
Sigmar Jack
Sigríður Ása Maack
Sigurður Torfi Grétarsson
Sigurður Einar Marelsson
Steinunn Hauksdóttir
Valur Guðmundsson
Þór Árnason

landlæknir, Örn Bjarnason læknir afhenti bókar-
gjöf frá Hollvínafélagi Læknadeildar, Oddur
Steinarsson unglæknaforingi, og að lokum Óskar
Einarsson formaður Læknafélags Reykjavíkur.
Kandídatar fengu yfir sig mikla holskeflu tilvitna-
ana og játninga frá ræðumönnum; Aristóteles,
Hippókrates, Steinn Steinar, Sigurður Nordal,
Halldór Laxness, Tolstoy, Oscar Wilde, Voltaire,
ýmis nöfn voru nefnd og margir voru kallaðir til
svo ræðumenn gætu stutt mál sitt og sett rök undir
sínar margvíslegu skoðanir á því úr hverju góður
læknir væri öðru fremur búinn til, hvaða eiginleiki
yrði að búa innra með þeim sem gætu kallast góðir
læknar: árvekni, dómgreind, samhygð, samúð,
hógværð og lítillæti, yfirburða klínísk þekking, sú
mannúð og þau heilindi að reynast börnum sínum
tiltækt foreldri og fjölskyldunni traustur ástvinur í
bráð og lengd, láta vinnuna ekki gleypa sig, og láta
hvorki hroka né metnað leiða sig á villigötur. Þar
að auki fengu kandídatar ýmsar lífsreglur og
margvísleg holrráð í vegarnesti, efnið spannaði allt
frá björgun mannlífa til skoskra viðmiða sem
hafa á að leiðarljósi við viskídrykkju, og svo að
lokum innilegar árnaðaróskir.

Þetta var glæsilegur og sólríkur dagur, vel fall-
inn til þess að ganga formlega í lið með læknum
eftir margra ára strit við nám og lestur. Við hæfi
um sumarsólstöður þegar dagurinn er lengstur,
nokkrum dögum fyrir hafði haustfýla lagst yfir
landið með krappri lægð og úrhelli, en kandídatar
mættu brosandi og keikir til leiks, enda öll hektó-
pasköl komin í samt lag og almenn áhyggjuefni
þeirra greinilega ekki ofarlega í huga á þessum
tímamótum.



*Örn Bjarnason, Hildur
Harðardóttir, Óskar Ein-
arsson, Sigurður Björns-
son, Rakel Valdimarsdóttir
og fleiri boðsgestir.*



*Það er ekki á hverjum degi
sem tvíburabræður út-
skrifast sem læknar en það
gerðist að þessu sinni
þegar bræðurnir Fjölnir og
Fjalar Elvarssynir bættust í
hóp íslenskra lækna.*